

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á áður staðfestu aðalskipulagi Reykjavíkur.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 4. febrúar 1986 staðfest breytingu á áður staðfestu aðalskipulagi Reykjavíkur. Breytingin tekur til landnotkunar á svæði er markast af Lágmúla, Háaleitisbraut og Kringlumýrarbraut þannig að í stað útivistarsvæðis kemur verslunar- og miðbæjarsvæði.

Breyting þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir. Borgarráð Reykjavíkur hefur samþykkt hana og skipulagsstjórn ríkisins mælt með því að hún verði staðfest.

Félagsmálaráðuneytið, 5. febrúar 1986.

F.h.r.

Hallgrímur Dalberg.

Pórhildur Lindal.

Nr. 88

7. febrúar 1986

GJALDSKRÁ

fyrir þjónustu loftferðaeftirlits flugmálastjórnar.

1. Afgreiðslugjöld	kr.
1.1 Endurnýjun skírteina einstaklinga, þ. m. t. endurútgáfa glataðra skírteina	450,00
1.2. Breyting á skírteinum einstaklinga, þ. m. t. innfærsla viðbótarréttinda í skírteini	150,00
1.3 Fullgilding erlendra skírteina einstaklinga	1 500,00
1.4 Útgáfa, endurútgáfa, breyting og endurnýjun lofthæfisskírteina vélknúinna loftfara og breytinga skrásetningarskírteina, þ. m. t. breytingar á skrásetningarkerkjum	450,00
2. Skoðunar- og eftirlitsgjöld loftfara.	
2.1 Skoðunar- og eftirlitsgjöld loftfara miðast við skráðan hámarksflugtakþunga þeirra.	
2.2 Gjald fyrir fyrstu útgáfu lofthæfisskírteinis er það sama og árlegt skoðunar- og eftirlitsgjald.	
2.3 Gjald fyrir útgáfu lofthæfisskírteinis til útflutnings er helmingur árlegs skoðunar- og eftirlitsgjalds.	
2.4 Gjald fyrir tímabundið lofthæfisskírteini (t. d. framlengingu lofthæfisskírteinis eða ferjuheimild), fer eftir gildistíma sem hlutfall af árgjaldi fyrir hvern byrjaðan mánuð.	
2.5 Hálf árlegt skoðunar- og eftirlitsgjald skal greiða í janúar og júlí ár hvert fyrir næstliðið hálf ár eða hluta úr ári sem loftfarið hafði gilt íslenskt lofthæfisskírteini og reiknast þá hlutfallslega fyrir hvern byrjaðan mánuð.	
2.6 Fari skoðun og/eða eftirlit fram erlendis greiðir eigandi eða umráðandi (notandi) fargjöld skoðunarmanna og dagpeninga samkvæmt kjarasamningum starfsmanna ríkisins.	